

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn þriðjudaginn, 18. nóvember, 2003 kl. 12:00 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir og Salvör Nordal.

Í ljósi forfalla þeirra Ástríðar Stefánsdóttur, Irmu Sjafnar Erlingsdóttur og Páls Hreinssonar var ákveðið að fara yfir helstu afgreiðslu mál fundarins og boða til næsta stjórnarfundar í byrjun janúar.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. *Fundir og málþing:* 1) Øyvind Kvalnes heldur fyrirlestur í boði Siðfræðistofnunar 26. nóvember, n.k. "Back to Socrates Philosophy in the Marketplace". 2) Málþing um persónuvernd og gagnagrunna verður haldið 3. desember í samvinnu við Landlæknisembættið. 3) Fyrsti fundur í „Málin snædd“ verður haldinn í desember n.k. 3) Fyrirhugað er málþing um Sjálfræði aldraðra í janúar 2004. 4) Siðfræðistofnun skipuleggur nú ásamt fleirum ráðstefnu um þróunarmál, hún er áætluð 13.-14. febrúar. 5) Málþing um Mill verður líklega haldið með Heimspekistofnun í mars n.k. 6) Leitað hefur verið eftir samvinnu við Siðfræðistofnun um málstofu á ráðstefnu um tækni og samfélag sem verður haldin á vegum rektors í mars. 7) Onora O'Neill kemur hingað í mars og heldur opinberan fyrirlestur í boði Siðfræðistofnunar.
3. *Útgáfumál.* 1) Fyrsta ritið í ritröðinni *Siðfræði og samtími* verður gefið út í byrjun næsta árs og verður helgað rannsókninni um Sjálfræði aldraðra. 2) Endurskoðuð og endurbætt útgáfa af *Siðfræði lífs og dauða* kemur út í lok desember.
4. *Ýmis erindi.* 1) Lagðar fram tillögur að breytingum við siðareglur lögreglu sem Ríkislögreglustjórinn óskaði eftir af Siðfræðistofnun. 2) Verslunarfélag Reykjavíkur óskaði í vor eftir því að Siðfræðistofnun ynni skýrslu um lífeyrissjóð V.R. og ýmis siðferðileg álitamál tengd honum. Ketill Berg Magnússon hefur unnið að því verkefni ásamt Róbert H. Haraldssyni og Salvöru Nordal. 3) Siðfræðistofnun hefur tilnefnt í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur þau Bryndísi Valsdóttur sem aðalmann og Jón Kalmansson til vara. Nefndin heyrir undir Umhverfiráðuneytið.
5. *Umsóknir og styrkir.* Siðfræðistofnun fékk framhaldsstyrk að upphæð 6 milljónir úr markáætlun Rannís um umhverfismál fyrir verkefnið sjálfbær þróun. 2) Tvær umsóknir voru sendar í Kristnihátíðarsjóð nú í haust, önnur fyrir alþjóðlega ráðstefnu um gagnagrunna sem haldin verður næsta sumar og hin var framhaldsumsókn fyrir siðfræðivefinn.

6. *Staða rannsóknaverkefna.* Stutt grein gerð fyrir rannsóknarverkefnum. 1) Fundur var haldinn í ELSAGEN-Norfa verkefninu í Skálholti í september s.l. og gekk vel. 2) Önnur verkefni standa vel.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

S.N.